

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Íslenskra Fjallaleiðsögumanna og íslensks ferðamarkaðar ehf um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða.

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn og íslensks ferðamarkaðar ehf (hér eftir ÍFLM) fagna því að tekið hefur verið af skarið með vernd Torfajökulssvæðisins alls og að allar hugmyndir um gufuaflsvirkjanir á því svæði verði slegnar af. Einnig fagna ÍFLM að ekki verði af virkjunum í Markarfljóti, efri hluta Skaftár, Bjallavirkjun og efri hluta Hólmsár. Mjög mikilvægt er að friða þetta stærsta útivistar- og ferðapjónustusvæði hálendisins.

Mjög mikilvægt er að allt suðurhálendið frá Skeiðarárjökli í Austri til Heklu í vestri verði friðað í heild sinni og nýttist útivist og ferðapjónustu framtíðar. Slíkt harmonerar við hugmyndir um tengingu með göngubrú yfir Skaftá sem komnar eru inn á skipulag. Í því ljósi fagna ÍFLM því að Djúpá verði ekki virkjuð en harma að Hverfisfljót skuli ekki vera sett í verndarflokk. ÍFLM hafna með öllu að hægt sé að líta á virkjun eins þá sem fyrirhuguð er í Hverfisfljóti, sem sjálfsagðan rétt landeiganda. Til þess er hún of viðamikil og hefur of mikil áhrif. Það má með hægu móti tryggja framtíðarhagsmuni Skaftárhrepps án virkjunarinnar og leggja ferðamannaveg að fossinum sem er einstakur á heimsvísu.

Eins leggjast ÍFLM eindregið gegn því að virkjað sé í neðri hluta Hólmsár og Skaftár (með Búlandsvirkjun) og hvetja eindregið til að þessar virkjanahugmyndir verði teknar úr biðflokk yfir í verndarflokk. Á þessum svæðum er komin yfir 25 ára hefð á rekstri ferða með útlenda og innlenda ferðamenn. ÍFLM hafa t.a.m. rekið ferðir á svæðinu í 18 ár.

ÍFLM telja að allt miðhálendi Íslands eigi að vera friðað sem þjóðgarður. Slíkt þjónar hagsmunum náttúruverndar og ört vaxandi ferðapjónustu. Þessvegna fagna ÍFLM að virkjanahugmyndir við Skrokköldu og Hágöngur séu settar í biðflokk enn leggja áfram áherslu á að þessar hugmyndir verði með öllu lagðar af og svæðin vernduð þannig að ekki verði rekinn fleygur inn í miðhálendið með tilheyrandi mannvirkjum og því sem ekki er síst slæmt, raflinum. ÍFLM benda á að kominn er áratuga hefð á ferðapjónustu á svæðinu, og Íslendingar og erlendir ferðamenn hafa sótt mikið inn á svæðið bæði akandi og gangandi.

ÍFLM telja að ekki komi til greina annað en að slá allar hugmyndir um virkjanir í Hvítá og Skjálfafljóti, af, af sömu ástæðum og greinir hér að ofan og leggja til að þær tvær virkjana hugmyndir sem settar voru í biðflokk í þessum ám verði settar í vernd.

ÍFLM telur einnig að sjálfkrafa eigi að slá af allar hugmyndir um virkjanir sem skerði möguleika þess að reka flúðasiglingar í Skagafirði.

ÍFLM fagna að tekin sé af öll tvímæli um virkjanahugmyndir við Öskju og hún sé sett í verndarflokk. ÍFLM telja jafnframt að ekki eigi að virkja á svæðinu frá Öskju norður að Þjóðvegi 1 og leggja því til að Fremri Námur verði sett í verndarflokk.

ÍFLM telja að Reykjanesið eigi að vernda sem Eldfjallabjóróðgarð sem næði einnig yfir á Austanvert Hengilssvæðið. Þess vegna leggjast ÍFLM algerlega gegn því að Sveifluháls sé settur í nýtingarflokk og telja að hann eigi að vernda. Eins teljum við að setja eigi Trölladyngju í verndarflokk. Af þessari ástæðu leggjast ÍFLM einnig algerlega gegn hugmyndum um virkjanir í Þverárdal, Innstadal og Ölfusdal og hvetja til að þessi svæði verði sett í verndarflokk. Hinsvegar fagna ÍFLM að Bitra skuli vera sett í verndarflokk. Þetta eru gríðarlega verðmæt svæði fyrir ferðaþjónustu nútíðar og framtíðar auk þess að vera mikilvæg útivistarsvæði Reykvíkinga.

F.h. ÍFLM

Elín Sigurðardóttir